



VÆÐSKIPTARÁÐ
ÍSLANDS

ÁRSSKÝRSLA 2006-2007

VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS

Viðskiptaráð Íslands var stofnað 17. September 1917 sem samtök verslunar, iðnaðar og siglinga. Í gegnum 90 ára sögu ráðsins hefur það alla tíð verið frjáls vettvangur félaga, fyrirtækja og einstaklinga. Aðild að ráðinu er frjáls, ólíkt því sem tíðkast hjá viðskiptaráðum víða erlendis.

Sem heildarsamtök viðskiptalífsins starfar Viðskiptaráð óskipt að hagsmunum allra sem stunda viðskipti. Það er eitt öflugusta tæki viðskiptalífsins í baráttu fyrir úrbótum á almennu rekstrarumhverfi fyrirtækja og bættum starfsskilyrðum með jafnræði, frjálsa samkeppni, heilbrigða viðskiptahætti og lágmörkun ríkisrekstrar að markmiði.

Viðskiptaráð hefur alla tíð verið brautryðjandi nýrra hugmynda sem miða að auknu frelsi í viðskiptum og stuðla að almennum efnahagslegum framförum. Þó þessar hugmyndir hafi oft þótt róttækar þá þykja þær margar hverjar sjálfsgöðar nú. Til að undirstrika þetta hlutverk ráðsins var gefið út rit í tilefni 90 ára afmælis ráðsins, *90 tillögur að bættri samkeppnishæfni Íslands*. Þar voru kynntar 90 tillögur, ein fyrir hvert starfsár ráðsins, sem allar miða að því að vinna að úrbótum, framförum og árangri fyrir landið í heild.

Viðskiptaráð er bakhjarl menntunar og hefur lagt sérstaka áherslu á uppbyggingu viðskiptanáms hérlendis. Í gegnum Sjálfseignarstofnun Viðskiptaráðs Íslands um viðskiptamenntun (SVÍV) á ráðið bæði Verzlunarskóla Íslands og stærstan hluta í Háskólanum í Reykjavík. Með framtíðaruppbyggingu menntunar eykur Ísland tvímælalaust samkeppnishæfni landsins og því er kappsmál fyrir atvinnulífið að hér sé myndarlega staðið að menntamálum.

Í seinni tíð hefur ráðið beitt sér sérstaklega fyrir bættri ímynd íslensks viðskiptalífs á erlendri grundu. Með útrás íslenskra fyrirtækja á erlenda markaði hefur nauðsyn virks upplýsingastreymis aukist til muna. Viðskiptaráð hefur tekið að sér mikilvægt hlutverk á því sviði og nýst vel sem sameiginlegur vettvangur fyrirtækja landsins.

Viðskiptaráð er umsagnaraðili varðandi alla lagasetningu á sviði efnahags og viðskiptamála og hefur þannig frumkvæði að lagabótum.

Heilbrigt og kraftmikið atvinnulíf skapar forsendur til framfara og bættra lífskjara. Viðskiptaráð og þeir sem að því standa trúa því að Ísland og íslenskt viðskiptalíf geti skipað sér í fremstu röð á alþjóðlegum grundvelli. Til að svo geti orðið þarf einhugur að ríkja á meðal stjórnvalda, atvinnulífs og íbúa landsins um að byggja hér upp kjöraðstæður til viðskipta.

Með því að gerast aðili að Viðskiptaráði Íslands getur þú tekið þátt í að móta nýjar hugmyndir sem auka samkeppnishæfni viðskiptalífsins í heild um leið og fyrirtæki þitt fær gott tækifæri til að efla bæði innlent og alþjóðlegt tengslanet sitt.

VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS
KRINGLAN 7
103 REYKJAVÍK
ÍSLAND
[WWW.VI.IS](http://www.vi.is)

ÁVARP FORMANNS VIÐSKIPTARÁÐS

TÍMAMÓTAÁR Í SÖGU VIÐSKIPTARÁÐS

Ágætu félagar.

Árið 2007 var tímamótaár í sögu Viðskiptaráðs Íslands. Þann 17. september voru 90 ár liðin síðan stofnendur ráðsins voru samankomnir á fulltrúafundi verslunarstéttarinnar, þar sem var samþykkt að stofna fulltrúanefnd fyrir verslun, iðnað og siglingar er nefndist Verzlunarráð Íslands. Stofnendur ráðsins voru frumherjar íslensks atvinnulífs og saga ráðsins er frá fyrstu tíð samofin nýsköpun og framförum í atvinnu- og viðskiptamálum landsins. Frá þessum tíma hefur mikið vatn runnið til sjávar og hefur ráðið markað djúp spor í viðskiptasöguna.

Megintilgangur Viðskiptaráðs er nú sem áður að gæta hagsmuna viðskiptalífsins. Hagsmuna ber að gæta gagnvart stjórnvöldum og nú í síauknum mæli gagnvart erlendum aðilum. Framrás íslenskra fyrirtækja hefur gjörbreytt aðstæðum hérlendis og nú er svo komið að hagkerfið er orðið afar samþætt alþjóðamörkuðum.



Erlendur Hjaltason

Ég hef nú gegnt formennsku í Viðskiptaráði í tvö ár og hefur sú vinna verið afar ánægjuleg og gefandi. Óhætt er að segja að verkefnin hafi verið jafn ólík og þau hafa verið mörg. Stærstu verkefnin eiga það þó sammerkt að hafa miðað að auknu upplýsingaflæði um íslenskt viðskiptalíf á erlendri grundu. Gagnsæi og öflugt streymi upplýsinga er grundvöllur þess að styrkja ímynd íslensks viðskiptalífs í alþjóðlegu samhengi.

Með þetta að leiðarljósi var Viðskiptaþing ársins 2007 tileinkað ímynd Íslands. Ráðist var í viðamikil verkefni þar sem bæði stjórnvöld og atvinnulíf tóku þátt. Viðskiptaráð Íslands fékk ímyndarsérfræðinginn Simon Anholt til að stýra þessu verkefni auk þess sem Íslandi var bætt í alþjóðlega könnun Anholt á ímynd þjóða. Niðurstaða könnunarinnar sýndi að staða Íslands er hvorki veik né sterk, heldur virðist sem landið sé fyrst og fremst tiltölulega óþekkt. Til að fylgja eftir þessari vinnu skipaði forsætisráðuneytið nefnd um ímyndarmál sem hóf störf síðastliðið haust.

Útgáfa Viðskiptaráðs hefur einnig sérstaklega miðað að því að styrkja ímynd og samkeppnisstöðu íslensks viðskiptalífs á erlendri grundu. Í kjölfar mikils óróa á íslenskum fjármálamörkuðum vorið 2006 fékk Viðskiptaráð Dr. Frederic Mishkin og Dr. Tryggva Þór Herbertsson til að meta styrkleiki íslenska fjármálakerfisins. Niðurstöður þeirra birtust í skýrslunni *Financial Stability in Iceland*, en hún reyndist vendipunktur í að snúa þeirri neikvæðu umræðu sem hafði átt sér stað um íslenskt efnahagslífs. Þessari útgáfu var fylgt eftir með áður nefndu ímyndarverkefni en auk þess var gefin út skýrsla á sama Viðskiptaþingi, *Iceland's Advance*, þar sem framrás íslenskra fyrirtækja var kortlögð og helstu ástæður fyrir henni raktar. Í nóvember síðastliðnum var svo gefin út skýrsla þar sem mat var lagt á styrk íslenskra fjármálaframtækja og hvort þeim stafaði ógn af efnahagslegu ójafnvægi hérlendis. Höfundar skýrslunnar, *The Internationalisation of Iceland's Financial Sector*, voru Dr. Richard Portes og Dr. Friðrik Már Baldursson, en hún var unnin í samstarfi við Frosta Ólafsson, hagfræðing Viðskiptaráðs.

Yfirskrift Viðskiptaþings er að þessu sinni „Íslenska krónan: Byrði eða blóraböggull?“ og vísar til þess óróa sem hefur einkennt gjaldmiðil okkar að undanfögnu. Stöðugur og áreiðanlegur gjaldmiðill er ein af grundvallarforsendum þess að hægt sé að reka farsæl alþjóðleg fyrirtæki hér á landi. Það er mikilvægt að fagleg og umfangsmikil umræða eigi sér stað um gjaldeyrismál Íslands þar sem mörkuð verði stefna sem miðar að því að hér verði rekstrarumhverfi fyrirtækja eins og það gerist best annars staðar.

Ég vil þakka samstarfsfólki mínu í stjórn og framkæmdastjórn Viðskiptaráðs kærlega fyrir ánægjulegt samstarf á síðustu árum. Að sama skapi vil ég þakka starfsfólki Viðskiptaráðs fyrir metnaðarfullt og gott starf fyrir hönd ráðsins. Síðasta haust lét Halla Tómasdóttir af störfum sem framkvæmdastjóri ráðsins og vil ég þakka henni fyrir vel unnin störf. Við kyndlinum tekur Dr. Finnur Oddsson og er ég ekki í nokkrum vafa um að það hafi verið happafengur fyrir Viðskiptaráð að fá hann til liðsinnis.

Viðskiptaráð hefur alla tíð verið uppspretta nýrra hugmynda. Jarðvegur fyrir þessar hugmyndir hefur verið misfrjósamur en til lengri tíma litið hefur árangurinn verið ótvíræður. Þannig hefur ráðið stuðlað að framförum í viðskiptalífinu í 90 ár, bæði með beinum og óbeinum hætti. Það má tvímælalaust rekja mörg af stærstu framfaraskrefum í viðskiptasögu landsins til frækorna sem sáð hefur verið af Viðskiptaráði Íslands. Ég horfi björtum augum til þess að svo verði áfram.

Erlendur Hjaltason, formaður stjórnar Viðskiptaráðs Íslands.

AÐALFUNDUR OG VIÐSKIPTAÞING 2006

Þann 8. febrúar 2006 var haldinn 72. aðalfundur Viðskiptaráðs og Viðskiptaþing undir yfirskriftinni *Ísland 2015* á Hilton Reykjavík Nordica. Nærri 500 manns mættu á þingið sem heppnaðist afar vel. Aðalræðumaður dagsins var Ágúst Guðmundsson, stjórnarformaður Bakkavarar Group. Einnig fluttu erindi þeir Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra og Jón Karl Ólafsson formaður Viðskiptaráðs og þáverandi forstjóri Icelandair. Jón Karl kynnti skýrslu Viðskiptaráðs, *Ísland 2015*, og þær fjölmörgu hugmyndir sem þar komu fram. Að venju fjallaði forsætisráðherra um efnahagsmál líðandi stundar og Ágúst Guðmundsson gaf sína sýn á stöðu Íslands árið 2015.

Að loknum framsöguerindum stýrði Dr. Guðfinna S. Bjarnadóttir, þáverandi rektor Háskólans í Reykjavík og núverandi alþingismaður, líflegum pallborðsumræðum. Þátttakendur voru Berglind Ásgeirsdóttir, þáverandi aðstoðarforstjóri OECD og núverandi ráðuneytisstjóri heilbrigðisráðuneytisins, Bjarni Benediktsson alþingismaður, Gabríela Friðriksdóttir listamaður, Hannes Smáráson, þáverandi forstjóri FL Group og Hreiðar Már Sigurðsson forstjóri Kaupþings. Mönnum var tíðrætt um tengsl menninga, fræða og lista og hvernig mætti efla slík tengsl í framtíðni, þjóðinni til heilla.

AÐALFUNDUR 2006

Að loknu Viðskiptaþingi fór fram aðalfundur. Halldór Benjamín Þorbergsson, þáverandi starfandi framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs gerði grein fyrir skýrslu stjórnar og framkvæmdastjórnar og gerði grein fyrir endurskoðuðum reikningum ráðsins fyrir árin 2004 og 2005. Reikningar voru samþykktir samhljóða.

KOSNING FORMANNS OG STJÓRNAR

Kosning formanns og stjórnar hafði farið fram í tvær vikur fyrir aðalfund, skriflega, eins og lög Viðskiptaráðs gera ráð fyrir. Kjörsókn var 44%



Bogi Pálsson, fyrrverandi formaður Viðskiptaráðs, og Halldór Ásgrímsson, fyrrverandi forsætisráðherra.

sem er nokkuð minni þátttaka en árið 2004. Í framboði til formanns var Erlendur Hjaltason. Í samræmi við lög ráðsins var formaður kjörinn sérstaklega þrátt fyrir að aðeins einn gæfi kost á sér.

STJÓRN

Auk formanns er stjórn Viðskiptaráðs skipuð 18 mönnum. Eftirtaldir voru kjörnir fyrir tímabilið 2006-2008: Erlendur Hjaltason hjá Exista var kosinn formaður, Katrín Pétursdóttir, Lýsi, var kosin varaformaður og í aðalstjórn voru kosin: Þór Sigfússon, Sjóvá, Lýður Guðmundsson, Bakkavör Group, Jón Karl Ólafsson, Icelandair, Rannveig Rist, Alcan á Íslandi, Ásdís Halla Bragadóttir, Byko, Ingólfur Helgason, KB banki, Kristín Jóhannesdóttir, Baugur Group, Hreggviður Jónsson, Vistor, Jón Sigurðsson, Össur, Hörður Arnarson, Marel, Friðrik Sophusson, Landsvirkjun, Halldór J. Kristjánsson, Landsbanki Íslands, Ari Edwald, 365, Þórður Magnússon, Eyri Invest, Róbert Wessmann, Actavis Group, Knútur Hauksson, Hekla og Kristján Loftsson, Hvalur. Í varastjórn voru

kosnir: Magnús Kristinsson, Toyota á Íslandi, Hrönn Greipdóttir, Radisson SAS Saga Hótel, Hanna Katrín Friðriksson, Eimskip, Þorvarður Gunnarsson, Deloitte, Ragnar Guðmundsson, Norðurál, Þórdís Sigurðardóttir, Dagsbrún, Andri Már Ingólfsson, Heimsferðir, Tómas Már Sigurðsson, Alcoa Fjarðarál, Þórður Sverrisson, Nýherji, Anna Kristín Traustadóttir, Ernst & Young, Guðmundur Kristjánsson, Brim, Jón Diðrik Jónsson, Íslandsbanki, Jakob Sigurðsson, SÍF, Gunnar Sverrisson, Íslenskir aðalverktakar, Magnús Scheving, Latibær, Róbert Guðfinnsson, Atlantis, Þórður Guðmundsson, Hátækni, Svanbjörn Thoroddsen, Straumur - Burðarás fjárfestingabanki og Erna Bryndís Halldórsdóttir, Hyrna.

KJÖRNEFND

Kjörnefnd fyrir aðalfund 2006-2008 var kosin og skipuð eftirtöldum: Geir Þórarinn Zoëga, Ísaga, Kristín Guðmundsdóttir, Skipti, Ólöf

Þorvaldsdóttir, Hér og nú auglýsingastofu, Þórarinn Sigþórssonar, Tannlækningastofu Þ. Sigþórssonar og Benedikt Jóhannesson, Talnakönnun.

ÖNNUR FUNDARSTÖRF

Að venju voru tveir námsstyrkir veittir á Viðskiptaþingi, hvor að fjárhæð 250 þúsund krónur. Til viðbótar var veittur styrkur úr nýstofnuðum námssjóð ráðsins um upplýsingatækni. Alls bárust 25 umsóknir um styrkina þrjá. Margir umsækjanda hefðu verið vel að þessum styrkjum komnir. Það varð hins vegar niðurstaðan að styrkina þrjá hlutu þeir Jón Steinsson, Ragna Sara Jónsdóttir og Eiríkur Þorsteinsson en hann hlaut styrk til náms í upplýsingatækni.



Hreiðar Már Sigurðsson, forstjóri Kaupþings, Hannes Smárason, þáverandi forstjóri FL Group og Bjarni Benediktsson, alþingismaður, tóku þátt í pallborðsumræðum.

VIÐSKIPTAÞING 2007 - ÍSLAND, BEST Í HEIMI?

Hátt í 500 manns voru viðstaddir árlegt Viðskiptaþing Viðskiptaráðs Íslands og er það meiri þátttaka en nokkurn tíma áður. Yfirskrift þingsins var *Ísland, best í heimi? – Orðspor og ímynd*, en þingið var tileinkað alþjóðlegu orðspori og ímynd Íslands. Meðal gesta voru lykilmenn í íslensku viðskiptalífi, ráðherrar, þingmenn, fræðimenn, erlendir sendiherrar og embættismenn.

Tvær skýrslur voru gefnar út í tilefni af þinginu. Önnur ber nafnið *Iceland's Advance*, þar sem framrás íslenskra fyrirtækja á árunum 2001 – 2006 var kortlögð. Sú seinni ber nafnið *Anholt Nation Brands Index: Iceland 2006* og eru þar birtar niðurstöður rannsóknar Simon Anholt, eins helsta sérfræðings heims í ímynd þjóða, um ímynd Íslands í samanburði við önnur lönd.

Erindi fluttu Geir H. Haarde forsætisráðherra, Simon Anholt ímyndarsérfræðingur, Erlendur Hjaltason forstjóri Exista og formaður Viðskiptaráðs og Halla Tómasdóttir þáverandi framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs.

Í kjölfarið var fengið álit viðskiptalífsins á ímyndarmálum Íslands. Þátttakendur í umræðum voru Jón Ásgeir Jóhannesson forstjóri Baugs, Lýður Guðmundsson starfandi stjórnarformaður Bakkavarar Group og Exista, Róbert Wessman forstjóri Actavis og Svafa Grönfeldt rektor Háskólans í Reykjavík. Fundarstjóri var Jón Karl Ólafsson, þáverandi forstjóri Icelandair, en Eva María Jónsdóttir, dagskrárgerðarmaður, stjórnaði umræðum.

Þá afhenti þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, menntamálaráðherra, fjóra námsstyrki Viðskiptaráðs, að upphæð 300.000 kr. hver. Styrkþegarnir að þessu sinni voru Ásta Dís Óladóttir, Úlf Viðar Níelsson, Viðar Lúðvíksson og Jón Örn Guðbjartsson.



Geir H. Haarde, forsætisráðherra, heldur ræðu sína á Viðskiptaþingi.

Samstillt átak þarf til að bæta ímynd Íslands

Ímynd Íslands er ekki nægjanlega sterk. Þetta er niðurstaða rannsóknar sem gerð var í 35 löndum meðal hátt í 30 þúsund manna og kynnt var á þinginu. Ísland varð í 19. sæti meðal þeirra 38 landa sem rannsókuð voru. Þeir þættir sem skoðaðir voru eru útflutningur, stjórnarhættir, menning og saga, fólkið, ferðamennska og innflutningur fólks og fjárfestingar.

Simon Anholt, sem framkvæmdi rannsóknina, sagði í ræðu sinni á Viðskiptaþingi að þetta væri ekki til marks um að ímynd Íslands væri neikvæð heldur fremur að fólk hefði litla eða enga mynd af landinu. Anholt hefur unnið fyrir fjölmörg ríki, m.a. Bretland sem kom best út úr könnuninni. Hann stýrði sameiginlegri vinnu ríkisstjórnarinnar og Viðskiptaráðs Íslands um þessi mál sem fram fór mánuðina fyrir Viðskiptaþing.

Anholt hefur mikla trú á getu Íslands til að skara fram úr nú á tímum alþjóðvæðingar. Hann segir nauðsynlegt að halda vinnu við ímynd Íslands áfram og að stjórnvöld og atvinnulíf eigi að koma sameiginlega að því verkefni. Hann kallar Íslendinga "Latino-Nordics" og lýsir okkur sem einkennilegri blöndu af norrænni virðingu fyrir skilvirkni, sanngirni og hæfni í bland við miðjarðarhafselmód og hlýju.

Ástand gengismála óviðunandi

Erlendur Hjaltason, forstjóri Exista og formaður Viðskiptaráðs, sagði í setningarræðu Viðskiptaþings að það yrði ekki unað við núverandi ástand gengismála mikið lengur. Erlendur sagði einnig: „Við verðum að standa fyrir opinni og upplýstri umræðu um þessi mál á næstunni. Núverandi ástand er ótækt en lausnirnar eru ekki augljósar.“ Hann sagði að upptaka evru þyrfti helst að fara fram samhliða inngöngu í ESB. Innganga í ESB yrði hinsvegar að ýmsu leyti afturför enda byggji Ísland við meira viðskiptafrelsi og betra skattkerfi en víðast hvar í ESB.

Reynt verður að varpa ljósi á þá valkosti sem Íslendingar standa frammi fyrir í þessum málum á Viðskiptaþingi 2008, enda er yfirskrift þingsins *Íslenska krónan: Byrði eða blóraböggull?*

Forsætisráðherra boðar frekari umbætur í skattamálum

Geir H. Haarde, forsætisráðherra, boðaði frekari umbætur í skattamálum í ræðu sinni á Viðskiptaþingi. Geir sagði m.a.: „Jákvæð reynsla okkar af skattbreytingum á undanförunum árum styrkir mig í þeirri trú að ef við göngum enn lengra í þessum efnum munum við ná meiri árangri við að byggja hér upp öflug fyrirtæki sem aftur skila miklum skatttekjum.“

Hann sagði einnig að samstillt átak atvinnulífs og stjórnvalda þyrfti til að bæta ímynd Íslands: „Ég hef því í hyggju að setja saman lítinn starfshóp, sem kalla mætti sérsveit, fámennan vinnuhóp með fulltrúum stjórnvalda og atvinnulífsins til að skoða fordómalaust hvernig við stöndum að vinnu við ímynd Íslands og hvernig við getum náð betri árangri. Við verðum að vera opin fyrir nýjum hugmyndum og leiðum og setja okkur það markmið að Ísland skari framúr, bæði í reynd en einnig hvað varðar ímynd landsins.“

Hvernig verður Ísland best í heimi?

Í lok þingsins hélt Halla Tómasdóttir, þáverandi framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs, erindi þar sem útlistaðar voru hugmyndir ráðsins um hvernig mætti koma Íslandi á fremsta stall. Um var að ræða einskonar stefnuskrá ráðsins sem var síðan mótuð enn frekar fyrir 90 ára afmæli Viðskiptaráðs og gefin út við það tilefni undir nafninu *90 tillögur að bættri samkeppnishæfni Íslands*.

Viðskiptaráð þakkar þeim fjölmörgu aðilum sem lögðu hönd á plóg við að gera þennan dag eins vel heppnaðan og raun bar vitni. Það er von okkar að sú vinna sem lagst hefur verið í hljóti góðan hljómgrunn sem víðast og skili Íslandi árangri er fram líða stundir.



Þátttakendur í pallborði ræða um ímynd Íslands.

STÖRF STJÓRNAR 2006-2007

Stjórn Viðskiptaráðs sem kjörin var á aðalfundi 8. febrúar 2006 lýkur störfum á aðalfundi 13. febrúar 2008. Stjórnina skipa 18 manns auk formanns sem kjörinn er sérstaklega. Nítján varamenn eru jafnan boðaðir á stjórnarfundum og hafa þeir þar fullt málfrelsi og fullan tillögurétt. Alls eru því 38 manns sem hafa aðgang að fundum stjórnar Viðskiptaráðs.

Löng hefð er fyrir því að halda stjórnarfund fyrsta mánudag hvers mánaðar að júlí og ágúst undanskildum. Stjórn Viðskiptaráðs hefur komið saman 16 sinnum á kjörtímabilinu. Á fundunum er ýmis mál tengd atvinnulífinu rædd sem og stefnumál Viðskiptaráðs. Gestir er gjarnan boðaðir á fundina til að halda framsögu um málefni líðandi stunda, en þá gefst tækifæri til líflegra umræðna.

Stjórnarfundir og fundarefni

Haldnir voru 16 formlegir stjórnarfundir á tímabilinu um ýmis málefni:

2006	2007
06.03. <i>Áherslur Viðskiptaráðs á starfsárinu</i> Erlendur Hjaltason formaður stjórnar	08.01. <i>Umhverfi sjávarútvegsins</i> Einar K. Guðfinsson sjávarútvegsráðherra
03.04. <i>Alþjóðleg ímynd íslensks viðskiptalífs</i> Michael Claes	05.03. <i>Heimsókn í Álverið í Straumsvík</i> Rannveig Rist forstjóri Alcan
08.05. <i>Mishkin skýrslan: Efnahagslegur stöðugleiki á Íslandi</i> Dr. Tryggvi Þór Herbertsson forstöðumaður hagfræðistofnunar HÍ	02.04. <i>Nýtt framboð Íslandshreyfingarinnar</i> Ómar Ragnarsson formaður Íslandshreyfingarinnar
04.09. <i>Horfur í efnahagsmálum</i> Geir H. Haarde forsætisráðherra	07.05. <i>Alþingiskosningar 2007</i>
02.10. <i>Vörumerkið Ísland</i> Simon Anholt ráðgjafi	11.06. <i>Nýtt ráðuneyti viðskipta</i> Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra
06.11. <i>Helstu verkefni framundan hjá iðnaðar- og viðskiptaráðuneytinu</i> Jón Sigurðsson iðnaðar- og viðskiptaráðherra	03.09. <i>Framtíðarsýn Háskólans í Reykjavík</i> Bjarni Ármannsson formaður háskólaráðs & Svafa Grönfeldt rektor
04.12. <i>Starfsemi Exista</i> Erlendur Hjaltason forstjóri Exista og formaður stjórnar	29.10. <i>Útrás í orkumálum</i> Ásgeir Margeirsson forstjóri Geysir Green Energy
	07.12. <i>Horfur í efnahagsmálum</i> Geir H. Haarde forsætisráðherra
2008	
07.01. <i>Tækifæri í heilbrigðisþjónustu</i> Guðlaugur Þór Þórðarson heilbrigðisráðherra	

STÖRF FRAMKVÆMDASTJÓRNAR 2006-2007

Á stjórnarfundum 6. mars 2006 var ný framkvæmdastjórn Viðskiptaráðs kjörin. Erlendur Hjaltason var á síðasta aðalfundi kjörinn formaður stjórnar Viðskiptaráðs, en með honum í framkvæmdastjórn voru svo kjörin Ásdís Halla Bragadóttir, Jón Karl Ólafsson, Katrín Pétursdóttir, Þór Sigfússon og Kristín Jóhannesdóttir til vara. Haustið 2006 tók Kristín Jóhannesdóttir sæti í framkvæmdastjórn í stað Ásdísar Höllu Bragadóttur.

Framkvæmdastjórn markar stefnu Viðskiptaráðs á hverjum tíma og hefur yfirumsjón með störfum á skrifstofu ráðsins. Mál sem koma til kasta ráðsins eru því langflest rædd innan framkvæmdastjórnar. Auk framkvæmdastjórnarmanna sitja fundina framkvæmdastjóri, hagfræðingur og lögfræðingur ráðsins. Framkvæmdastjórn kom saman 17 sinnum á kjörtímabilinu.

Fulltrúar VÍ í ýmsum nefndum og ráðum

Stjórn sjálfseignarstofnunar VÍ um viðskiptamenntun

Erlendur Hjaltason, formaður
Katrín Pétursdóttir, varaformaður
Jón Karl Ólafsson
Kristín Jóhannesdóttir
Þór Sigfússon

Skólanefnd Verzlunarskóla Íslands

Bryndís Hrafnkelsdóttir, formaður
Ingibjörg R. Guðmundsdóttir, varaformaður
Helgi Jóhannesson
Jón Diðrik Jónsson

Háskólaráð Háskólans í Reykjavík

Bjarni Ármannsson, formaður
Jón Sigurðsson
Þór Sigfússon
Kristín S. Hjálmtýsdóttir, varamaður

Stjórn Gerðardóms Viðskiptaráðs

Andri Árnason, formaður
Baldvin Björn Haraldsson
Bogi Pálsson
Gunnar Sturluson, varamaður
Ingibjörg Bjarnadóttir, varamaður
Finnur Geirsson, varamaður

Samráðsnefnd Útflutningsráðs Íslands

Jón Karl Ólafsson

Reikningsskilaráð

Sigríður Hrólfsdóttir

Stjórn Þróunarfélags Miðborgar

Guðrún Kristmundsdóttir
Hildur Árnadóttir, varamaður

Kærunefnd lausaffjár- og þjónustukaupa

Anna Guðrún Árnadóttir

Síðanefnd SÍA

Haraldur I. Birgisson

Stjórn EAN á Íslandi

Svavar Svavarsson

Samráðsnefnd atvinnulífsins og stjórnvalda um utanríki- sviðskipti, útflutningsaðstoð og markaðssetningu

Halla Tómasdóttir
Erlendur Hjaltason, varamaður

Icepro

Birgir Ármannsson

Ráðgjafanefnd EFTA

Haraldur I. Birgisson
Frosti Ólafsson

Nefnd um alþjóðlega reikningsskilastaðla

Sigríður Hrólfsdóttir

Nefnd fjármálaráðuneytisins um skattkerfið

Tanya Zharov

Sérsvait forsætisráðuneytisins um ímyndarmál

Finnur Oddsson

Samráðshópur utanríkisráðuneytisins um upptöku gerða í EES samninginn

Haraldur I. Birgisson

Yfirtökunefnd

Erna Bryndís Halldórsdóttir

Nefnd viðskiptaráðherra til endurskoðunar laga um fjárf- festingu erlendra aðila í atvinnurekstri

Katrín Pétursdóttir

Starfshópur um stjórnarhætti fyrirtækja

Finnur Oddsson
Haraldur I. Birgisson

Þróunarfélags miðborgarinnar

Guðrún Kristmundsdóttir
Hildur Árnadóttir

FRAMKVÆMDASTJÓRI VIÐSKIPTARÁÐS

KRAFTAR VIÐSKIPTARÁÐS NÝTAST VÍÐA

Ársskýrsla Viðskiptaráðs Íslands fyrir tímabilið 2006 til 2008 ber þess glöggt vitni að áherslur í starfi ráðsins hafa markast af þróun íslensks viðskiptalífs síðustu misseri, þ.e. útrás íslenskra fyrirtækja á erlenda markaði og kynningu á forsendum hennar. Viðskiptaráð hefur tekið frumkvæði í umræðu um íslenskt fjármála- og efnahagslíf á erlendri grundu þar sem umtalsverðra hagsmuna ber að gæta. Þessi þáttur í starfi ráðsins er afar mikilvægur, ekki aðeins fyrir stærstu útrásarfyrirtækin, heldur íslenskt viðskiptalíf í heild. Velgengi stærri fyrirtækja ryður braut fyrir smærri fyrirtæki og hefur auk þess jákvæð áhrif á íslenskt hagkerfi, öllum sem hér búa til hagsbóta. Í ljósi mikilvægis þessa þáttar í starfsemi ráðsins blasir við að honum mun verða fram haldið svo lengi sem þörf er á.



Finnur Oddsson

Það er engu að síður mikilvægt að huga sérstaklega að því að Viðskiptaráð berst fyrir hagsmunum viðskiptalífsins í heild, óháð stærð fyrirtækja eða atvinnugreinum. Kraftar Viðskiptaráðs eiga að nýtist sem víðast svo aðild skili öllum félögum, stórum sem smáum, bæði beinum og óbeinum ávinningi. Viðskiptaráð mun á næstu misserum leggja enn meira upp úr því að vera í góðu sambandi við félag og tryggja að hugðarefnum þeirra sé fundinn farvegur í starfsemi ráðsins. Þetta verður gert með reglulegum heimsóknum til sem flestra félaga, fundum og rýnihópum, þar sem grennslast verður fyrir um helstu viðfangsefni og ögrarir í rekstri. Þannig verður tryggt að hagsmunum félaga Viðskiptaráðs verði fundinn farvegur í skoðunum ráðsins, umsögnum til Alþingis og almennu verkefnavali.

1 □

Hér á landi starfa hundruð lítilla og meðalstórra fyrirtækja sem eru að mörgu leyti undirstaða þess öfluga atvinnulífs sem hér þrífst. Slík fyrirtæki eru ekki aðeins mikilvægur vaxtarbroddur viðskiptalífsins heldur auðga þau mannlíf og íslenskt samfélag með fjölbreyttum vörum og þjónustuframboði. Hér gildir einu hvort um er að ræða fyrirtæki í hugbúnaðargeira sem framleiða tölvuleiki, verslanir sem bjóða upp á tilbúna sjávarrétti, listagallerý sem sýna og selja íslenskt handverk eða iðnfyrirtæki sem framleiða vélbúnað til slægingar eða jafnvel hágæða fluguveiðihjól. Þessum hluta íslensks viðskiptalífs má að ósekju halda betur á lofti, ungu fólki til hvatningar um þá fjölbreyttu og góðu kosti sem það stendur frammi fyrir.

Með samstilltu átaki, réttum áherslum í menntakerfi, skilvirku stoðkerfi nýsköpunar og sprotastarfsemi og hagfelldu rekstrarumhverfi smærri sem stærri fyrirtækja tryggjum við áframhaldandi góðan grunn atvinnulífs á Íslandi. Viðskiptaráð mun því á næstu misserum beita sér sérstaklega í ofangreindum málaflokkum, til viðbótar við þær áherslur sem nú þegar eru í starfi ráðsins við gæslu hagsmuna alls viðskiptalífsins gagnvart innlendum sem erlendum aðilum. Þetta verður, nú sem áður, gert undir formerkjum jafnræðis, frjálsrar samkeppni og heilbrigðra viðskiptahátta þar sem lágmrörkun ríkisrekstrar er allra hagur.

Ég hlakka til að vinna að þessum verkefnum í samstarfi við aðildarfélag og með dyggri aðstoð þess góða starfshóps sem nú starfar hjá Viðskiptaráði.

Finnur Oddsson, framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs Íslands.

STARF VIÐSKIPTARÁÐS - STARFSEMI Á SKRIFSTOFU

Nokkrar breytingar hafa orðið á mönnun ráðsins frá síðasta aðalfundi, en starfsmannafjöldinn tekur breytingum í samræmi við verkefni á hverjum tíma.

Halla Tómasdóttir, sem verið hafði framkvæmdarstjóri frá byrjun árs 2006 lét af störfum 1. september síðastliðinn. Finnur Oddsson forstöðumaður MBA náms við Háskólann í Reykjavík var ráðinn nýr framkvæmdastjóri. Davíð Þorláksson lögfræðingur ráðsins lét af störfum í febrúar 2007, en hann hóf störf vorið 2005. Haraldur I. Birgisson lögfræðingur var ráðinn til starfa í hans stað.

Halldór Benjamín Þorbergsson sem gegnt hafði stöðu hagfræðingur ráðsins frá byrjun árs 2005 og um tíma staðgengill framkvæmdastjóra lét af störfum í september 2006. Við starfi Halldórs tók Frosti Ólafsson hagfræðingur.

Soffía Vernharðsdóttir sem hefur haft umsjón með fjármálastjórn ráðsins og tengdra aðila lét af störfum í apríl 2007 eftir 19 ára starf hjá ráðinu. Arna Harðardóttir var ráðin í hennar stað í janúar 2007, en Arna lét af störfum í nóvember á þessu ári. Þórunn Stefánsdóttir sem hefur sinnt bókhaldi ráðsins frá byrjun sumars tók við stöðu Örnú. Við starfi Þórunnar tók Elín Jónsdóttir. Hulda Sigurjónsdóttir tók við starfi Hildar Elísabetar Ingadóttur á skrifstofu ráðsins í mars á þessu ári.

Af ofangreindu er ljóst að maður kemur í manns stað og núverandi starfsfólk ráðsins mun halda áfram því góða starfi sem unnið hefur verið hjá ráðinu og kappkosta við að koma málefnum Viðskiptaráðs á framfæri, landi og þjóð til heilla.



STARFSFÓLK VIÐSKIPTARÁÐS Í JANÚAR 2008. STANDANDI FRÁ VINSTRI: HULDA SIGURJÓNSDÓTTIR, BIRNA INGÓLFSDÓTTIR, FINNUR ODDSSON, ÞÓRUNN STEFÁNSDÓTTIR OG ELÍN JÓNSDÓTTIR. SITJANDI FRÁ VINSTRI: FROSTI ÓLAFSSON, HARALDUR I. BIRGISSON, DAVÍÐ SCHEVING THORSTEINSSON, ÖRN KALDALÓNS (ICEPRO) OG KEITA STEPHENSON (FRANSK-ÍSLENSKA). FJARVERANDI VAR KRISTÍN S. HJÁLMTÝSDÓTTIR.



**SKRIFSTOFUR RÁÐSINS ERU STAÐ-
SETTAR Í HUSI VERSLUNARINNAR**

Á skrifstofu ráðsins hafa önnur félög og ráð starfsemi sína. Þannig hefur forstöðumaður alþjóðsviðs og framkvæmdastjóri Þýsk-íslenska viðskiptaráðsins, Kristín S. Hjálmtýsdóttir aðstoðu á hæðinni. Kristín tók við millilandaráðunum af Erlu Ýr Kristjánsdóttur sem lét af störfum haustið 2006. Fransk-íslenska viðskiptaráðið hefur einnig sérstakan starfsmann Keita Stephenson, en hann tók við af Patrice Olafsson í nóvember á þessu ári. Þá hefur Icepro, nefnd um rafræn viðskipti, aðsetur á hæðinni en Viðskiptaráð er aðili að nefndinni. Starfsmaður hennar hefur verið, frá hausti 2005, Örn Kaldalóns.

Samstarfi Viðskiptaráðs og Modernus ehf. um samræmda vefmælingu lauk á þessu ári sem og eftirlit með upplagi prentmiðla en það hefur verið starfrækt um áratuga bil.

Viðskiptaráð þakkar fyrrum starfsmönnum kærlega fyrir vel unnin störf í þágu ráðsins og óskar þeim velfarnaðar.

Útgáfa Viðskiptaráðs

Viðskiptaráð gefur reglulega út skýrslur og skoðanir um þau málefni sem eru ofarlega á baugi í viðskiptalífinu hverju sinni auk þess sem ráðið gerir þeim málum ítarleg skil sem stjórn þess telur mikilvægt að tekin séu til umræðu á opinberum vettvangi.

1 2

Undanfarin tvö ár hafa verið viðburðarrík í íslensku viðskiptalífi og umræðan um efnahagslegan stöðugleika hefur verið uppi á pallborði ýmissa aðila innlendra jafnt sem erlendra. Til að auka upplýsingaflæði um miklar breytingar í íslensku efnahagslífi síðustu ára tók Viðskiptaráð af skarið með útgáfu skýrslunnar *Financial Stability in Iceland*. Þessari skýrslu hefur ráðið svo fylgt eftir með útgáfu tveggja annarra skýrslna, annars vegar *Iceland's Advance* og hins vegar *The Internationalisation of Iceland's Financial Sector*. Framangreindar skýrslur hafa fengið víðtæka umfjöllun og reynst mikilvægt innlegg í umræðuna um útrás íslenskra fyrirtækja.

Yfirlit yfir skýrslur ráðsins

Febrúar 2006

Ísland 2015

Maí 2006

Financial Stability in Iceland – Mishkin & Herbertsson

Júlí 2006

Krónan og atvinnulífið

Febrúar 2007

*Iceland's Advance
Anholts Nation Brand Index – Iceland 2006*

Maí 2007






Opinberar fasteignir

September 2007

90 tillögur að bættri samkeppnishæfni Íslands

Nóvember 2007

The Internationalisation of Iceland's Financial Sector – Portes & Baldursson



Skýrslur Viðskiptaráðs 2006-2007

Yfirlit yfir skoðanir ráðsins

Febrúar 2006

Ríkisútvarpið hf.

Mars 2006

Út með tölvumál hins opinbera

Apríl 2006

Leyfaumhverfi veitingahúsa á Íslandi verra en í Evrópu

Júní 2006

Einkaaðilar á okkar vegum

Alþingi fór um 90% tilvika eftir tillögum Viðskiptaráðs

Júlí 2006

Misráðin hugmynd að endurvekja Lyfjaverslun ríkisins

Viðskiptalífið setji sjálft reglur

Október 2006

Fjármagnstekjuskattur verði ekki hækkaður

Nóvember 2006

Höldum kosningaþenslu í lágmarki

Ofangreindar skýrslur og skoðanir má nálgast á vefsíðu ráðsins **www.vi.is**.

Mars 2007

Hversu æskilegur er jöfnuður?

Apríl 2007

Hver ættu kosningaloforðin að vera?

Júlí 2007

Sveitarfélög og samkeppnishömlur

Ágúst 2007

Núttímavæðing sparisjóðaumhverfisins

Nóvember 2007

Breytingar á áfengislöggjöf tímabærar

Desember 2007

Íslenska bílaþjóðin – ný „útflutningsgrein“ á Íslandi

Nýir Félagar

Atorka Group hf.
 Askar Capital hf.
 Auður Capital ehf.
 Better Business ehf.
 Cetus ehf.
 Data Islandia ehf.
 EVA Consortium ehf.
 Framtíðarorka ehf.
 Geysir Green Energy ehf.
 Humac ehf.

Iceland Energy Group hf.
 Icelandic Equestrian ehf.
 Íslenska útflutningsmiðstöðin hf.
 Íslenska félagið ehf.
 KEA svf.
 Saga Capital Fjárfestingarbanki hf.
 Skjal ehf.
 Thule Investment Management ehf.
 Viking fish ehf.

Ýmsir fundir Viðskiptaráðs 2006-2007

2006

12. janúar	Skattadagur Deloitte, Samtaka atvinnulífsins, Viðskiptablaðs Morgunblaðsins og Viðskiptaráðs
8. febrúar	Viðskiptaþing 2006: Ísland 2015
10. febrúar	Morgunverðarfundur: Forskot inn í framtíðina
2. mars	Fjárfestingatækifæri á Íslandi og í Bandaríkjunum
16. mars	Þróun fasteignamarkaðarins og rekstur fasteigna
11. maí	Morgunverðarfundur: Á barmi hengiflugs?
15. maí	Iceland Business and Investment Roundtable – Economist Conferences
30. ágúst	Morgunverðarfundur: Sáttamiðlun – ný leið til lausnar í ágreiningi
14. september	Myndlistarsýning í húsakynnum VÍ
3. október	Morgunverðarfundur: Er krónan að laumast út bakdyramegin?
7. nóvember	Morgunverðarfundur: Hagstjórnarvandinn – horft til framtíðar
10. nóvember	Ráðstefna um alþjóðlega fjármálastarfsemi
15. nóvember	Ráðstefna um samfélagslega ábyrgð fyrirtækja
21. nóvember	Morgunverðarfundur: Bætt rekstrarskilyrði
22. nóvember	Morgunverðarfundur: Stórátak í vegamálum!
28. nóvember	Morgunverðarfundur: Erlent vinnuafli – hagur allra

2007

12. janúar	Skattadagur Deloitte, Samtaka atvinnulífsins, Viðskiptablaðs Morgunblaðsins og Viðskiptaráðs
7. janúar	Viðskiptaþing 2007: Ísland, best í heimi?
27. mars	Morgunverðarfundur: Atkvæði kvenna
17. apríl	Þróun í útrás
23. apríl	Ráðstefna um einkaframkvæmd
3. maí	Málþing um traust og trúverðugleika
21. maí	Morgunverðarfundur: Úr vörn í sókn
26. júlí	Ráðstefna um skattalækkanir til kjarabóta
14. september	Smáriki sem fjármálamiðstöðvar
17. september	90 ára afmæli Viðskiptaráðs
22. október	Morgunverðarfundur: Viðskiptastefna ESB – eitthvað fyrir Ísland?
6. nóvember	Morgunverðarfundur: Hvenær lækka vextir?
16. nóvember	Ráðstefna um íslenska efnahagsundrið
28. nóvember	Morgunverðarfundur: Staða sparisjóðanna
5. desember	Morgunverðarfundur: Þróun íslensks fjármálamarkaðar
11. desember	Morgunverðarfundur: Transfer pricing – ógnanir eða tækifæri

Að þessu viðbættu héldu starfsmenn Viðskiptaráðs erindi á fjölda funda og ráðstefna á tímabilinu. Allar nánari upplýsingar um ofangreinda fundi má nálgast á vefsíðu ráðsins www.vi.is.

90 ÁRA AFMÆLI VIÐSKIPTARÁÐS ÍSLANDS

Þann 17. september síðastliðinn voru 90 ár liðin frá stofnun Viðskiptaráðs Íslands, en ráðið var stofnað í KFUM húsinu við Amtmannsstíg í Reykjavík þann 17. september árið 1917.

Í tilefni dagsins stóð Viðskiptaráð fyrir fjölmennum afmælisfundi þar sem ríkisstjórn Íslands var afhent skýrsla ráðsins sem ber yfirskriftina „90 tillögur að bættri samkeppnishæfni Íslands“. Skýrslan inniheldur eina tillögu fyrir hvert starfsár ráðsins og spanna tillögurnar vítt svið, allt frá atvinnumálum til skattamála og menntunar- og heilbrigðismála, en þær eiga allar sammerkt að þeim er ætlað að gera íslenskt hagkerfi samkeppnishæfara. Til að endurspeglasambestskoðanirviðskiptalífsins fékk Viðskiptaráð forsvarsmenn ýmissa aðildarfélaganna til að leggja hönd á plóg í þeirri hugmyndavinnu sem fylgir slíkri skýrslugerð. Viðskiptaráð kann þeim aðilum bestu þakkir fyrir aðstoðina.



ERLENDUR HJALTASON AFHENDIR VIÐSKIPTARÁÐHERRA EINTAK AF 90 TILLÖGUNUM

Erlendur Hjaltason formaður Viðskiptaráðs hélt opunarávarp þar sem hann ræddi um hlutverk og þróun Viðskiptaráðs á 90 ára starfstíma þess. Þar sagði Erlendur meðal annars “Megintilgangur Viðskiptaráðs er, og hefur ávallt verið, að gæta hagsmuna viðskiptalífsins. Hagsmuna ber að gæta gagnvart stjórnvöldum, gagnvart samfélaginu í heild og nú í síauknum mæli gagnvart erlendum aðilum. Framrás íslensks viðskiptalífs hefur gjörbreytt þeim aðstæðum sem við búum við og nú er svo komið að hagkerfið er mjög samþætt alþjóðamörkuðum.

Það er ekki síður hlutverk Viðskiptaráðs að efla skilning almennings á mikilvægi frjálsræðis í viðskiptum, lágmarkun opinberra afskipta, hagfellds skattaumhverfis og annarra þátta er miða að því að auka samkeppnishæfni Íslands. Viðskiptaráð hefur rutt veginn á þeirri framfaraleið sem Ísland

hefur fetað og mun halda áfram að ryðja þá braut. Í starfi sínu hefur ráðið ávallt haft það að leiðarljósi, að viðskiptalífinu sé best borgið með frjálsri samkeppni, og þannig fái kostir einkaframtaksins að njóta sín.”

Í kjölfarið kynnti Finnur Oddsson framkvæmdastjóri ráðsins 90 tillögur að bættri samkeppnishæfni Íslands. Í ræðu sinni hvatti Finnur stjórnvöld til að móta skýra framtíðarsýn er miðar að því að styrkja allar stoðir íslensks hagkerfis. Séu ákvarðanir byggðar á langtímahagsmunum er mun líklegra að Ísland haldi sér í fremstu röð hvað varðar velferð og lífsgæði.



FYRRUM FORMENN ÁSAMT NÚVERANDI FORMANNI VIÐSKIPTARÁÐS

Viðskiptaráð Íslands hefur alla tíð verið bakhjarl menntunnar. Í gegnum sjálfseignarstofnun Viðskiptaráðs Íslands um viðskiptamenntun (SVÍV) sér ráðið um rekstur Verslunarskóla Íslands og Háskólans í Reykjavík. Það var ekki eingöngu Viðskiptaráð sem stóð á tímamótum þennan afmælisdag heldur var tilkynnt um hlutafjárútkningu í Háskólanum í Reykjavík sem mun leggja grunninn að framtíðaruppbyggingu skólans. Svafa Grönfeldt rektor Háskólans í Reykjavík fjallaði um framtíðarsýn skólans sem leiðandi alþjóðlegan háskóla og brautryðjandi afl í rannsóknarstarfi og nýsköpun í kennslu sem og útrás Íslendinga á sviði menntunar.

Í ávarpi sínu á 90 ára afmælisfundi Viðskiptaráðs lýsti Geir H. Haarde, forsætisráðherra, yfir fullum vilja til frekara samstarfs við Viðskiptaráð og vonaði að ráðið og stjórnvöld gætu unnið áfram að mikilvægum framfaramálum sem stefna að því að bæta lífskjör í landinu. Sagði forsætisráðherra að samstarf Viðskiptaráðs og ríkisstjórnarinnar hafi skipt miklu máli í þeim breytingum sem átt hafa sér stað í íslensku viðskiptalífi undanfarin ár.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra, Árni M. Mathiesen fjármálaráðherra og Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra veittu skýrslunni viðtöku fyrir hönd ríkisstjórnarinnar. Eftir að hafa veitt skýrslunni viðtöku fjölluðu ráðherrarnir um álit sitt á tillögunum.

Fundurinn, sem haldinn var í Salnum í Kópavogi, var fjölmennur en eftir hann var boðið uppá veitingar í Gerðarsafni Íslands þar sem myndlistarsafn Þorvaldar í Síld og Fisk, fyrrverandi formanns Viðskiptaráðs, var til sýnis. Um 200 manns sóttu fundinn, en meðal gesta voru forsvarsmenn aðildarfélagaráðsins, ráðherrar, alþingismenn og fleiri sem hafa í gegnum tíðina komið að starfsemi ráðsins með einhverjum hætti.

Viðskiptaráð þakkar þeim fjölmörgu aðilum sem lögðu hönd á plóg við skipulagningu og undirbúning 90 ára afmælis ráðsins. Það er von Viðskiptaráðs að tillögurnar hljóti góðan hljómgrunn meðal ráðamanna, en ráðið mun leggja sitt af mörkum til að sem flestar komi til framkvæmda.



RÁÐHERRAR RÆÐA 90 TILLÖGUR VIÐSKIPTARÁÐS AÐ BÆTTRI SAMKEPPNISHÆFNI ÍSLANDS ÁSAMT FINNI ODDSSYNI, FRAMKVÆMDASTJÓRA RÁÐSINS

JÓLAFERÐ VIÐSKIPTARÁÐS ÍSLANDS

Í desember 2006 efndi Viðskiptaráð til ferðar til Kaupmannahafnar í samvinnu við Dansk-íslenska viðskiptaráðið. Ferðin hófst á miðvikudegi og sneru flestir til baka á laugardagseftirmiðdegi. Á miðvikudagskvöldið var heimsótt þvottakaffihús Friðriks Weissappel, Laundromat, þar sem gestir fengu sér sjávarréttasúpu.



SVAVAR GESTSSON TÓK VEL Á MÓTI GESTUM Í SENDIRÁÐI ÍSLANDS Í KAUPMANNAHÖFN

Síðari hluta dags tók Svavar Gestsson, sendiherra, vel á móti löndum sínum í sendiráði Íslands í Kaupmannahöfn. Næst á dagskrá var heimsókn í Magasin Du Nord, þar sem Jón Björnsson, forstjóri, tók á móti hópnum. Að lokum bauð Baugur Group til kvöldverðar á Café Victor eftir stutta kynningu á starfsemi félagsins.

Dagskráin var þéttsetin á fimmtudeginum en þá var byrjað á að heimsækja höfuðstöðvar Nyhedsavisen. Ljóst er að þar hefur ekki verið setið auðum höndum en Svann Dam, forstjóri blaðsins, fór yfir uppbyggingu á starfsemi og stöðu blaðsins á dönskum fjölmiðlamarkaði. Næst á dagskrá var heimsókn í nýjar skrifstofur FL Group í Danmörku. Þar tóku Martin Niclasen, þáverandi framkvæmdastjóri, og Kristján Kristjánsson, þáverandi yfirmaður almannatengsla, á móti gestum.

Síðari hluta dags tók Svavar Gestsson, sendiherra, vel á móti löndum sínum í

18



JÓN BJÖRNSSON HÉLT FYRIRLESTUR Í MAGASIN DU NORD

Á föstudagsmorgun var danski armur Kaupþings banka heimsóttur, FIH Bank, þar sem Lars Johansen, forstjóri FIH, og Sigurður Einarsson, stjórnarformaður, tóku á móti gestum. Að lokum var haldið í danskan julefrokost í Oslóarferju sem var í boði stjórnarmanns Dansk-íslenska Viðskiptaráðsins, Peer Nørregard.

Ferðin var afar vel heppnuð og ekki annað að sjá en bæði gestir og gestgjafar hafi haft góða skemmtun og gagnsemi af því að að skyggjast inn í viðskiptalíf Íslendinga í Danmörku. Viðskiptaráð Íslands og Dansk-íslenska viðskiptaráðið vilja koma þökkum á framfæri til allra þátttakenda sem og gestgjafa í ferð ráðsins til Kaupmannahafnar.

FORSÆTISRÁÐHERRA SVÍÐJÓÐAR HEIMSÆKIR VÍ

Forsætisráðherra Svíþjóðar, Fredrik Reinfeldt, kom í stutta opinbera heimsókn til Íslands í mars síðastliðnum. Hann kom til landsins um morguninn og hélt til hádegisfundar með Geir H. Haarde forsætisráðherra. Eftir fund sinn með forsætisráðherra heimsótti Reinfeldt skrifstofur Viðskiptaráðs Íslands þar sem hann ræddi framrás íslenskra fyrirtækja við stjórnendur úr atvinnulífinu. Ásamt Reinfeldt sátu fundinn Erlendur Hjaltason formaður Viðskiptaráðs, Halla Tómasdóttir þáverandi framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs, Hreiðar Már Sigurðsson forstjóri Kaupþings og Svafa Grönfeldt rektor Háskólans í Reykjavík.

Í kjölfarið var haldinn stuttur blaðamannafundur þar sem meðal annars kom fram að Fredrik Reinfeldt telji Svía geta lært ýmislegt af hinni íslensku útrás. Eftir fund sinn í Viðskiptaráði Íslands hélt forsætisráðherrann aftur til Svíþjóðar.



ERLENDUR HJALTASON FORMAÐUR VIÐSKIPTARÁÐSINS OG HALLA TÓMASDÓTTIR ÞÁVERANDI FRAMVKÆMDASTJÓRI RÁÐSINS FUNDUÐU MEÐ FREDRIK REINFELDT ÁSAMT SVÖVU GRÖNFELDT REKTOR HR OG HREIÐARI MÁ SIGURÐSSYNI FORSTJÓRA KAUPÞINGS

FUNDUR NORRÆNNA VIÐSKIPTARÁÐA

Síðastliðið haust hélt Viðskiptaráð Íslands sameiginlegan fund Viðskiptaráða Norðurlandanna. Á fundinn mættu fulltrúar frá öllum helstu viðskiptaráðum í Noregi, Svíþjóð, Finnlandi og Danmerkur auk Viðskiptaráði Íslands.

Á fundinum voru rædd samnorræn hagsmunamál og starfsemi viðskiptaráða hvers lands var kynnt. Meginályktun fundarins var eftirfarandi: “Fulltrúar þingsins hvetja norræn stjórnvöld til að styrkja samstarf sín á milli við innleiðingu laga og reglugerða er varða viðskiptaumhverfið.”

Auk fundarhaldna voru haldnar margvíslegar kynningar á íslensku viðskiptalífi, menntun og menningu. Hópurinn heimsótti forsætisráðherra Íslands í Þjóðmenningarhúsið, heimsótti og fræddist um Bláa lónið, skoðaði Nesjavallavirkjun og margt fleira. Næsti árlegi fundur norrænna viðskiptaráða fer fram í Tampere í Finnlandi.



HÓPURINN STILLTI SÉR UPP FYRIR LJÓSMYNDARA AÐ LOKINNI HEIMSÓKN Í BLÁA LÓNIB

ALÞJÓÐLEG UPPLÝSINGAMIÐLUN VIÐSKIPTARÁÐS

Árið 2006 markaði tímamót í þróun í átt til aukinnar alþjóðvæðingar sem átt hefur sér stað undanfarin ár. Óhætt er að segja að Íslendingar hafi fengið staðfest svo ekki verður um villst að fjármálakerfi landsins eru fjarri því að vera óháð erlendum markaðsaðilum. Umrót á fjármálamarkaði staðfesti að víða um heim er fylgst með ákvörðunum sem teknar eru á Íslandi og þróun efnahagsmála hérlendis varðar fleiri en okkur sjálf.

Þessi nýi veruleiki gerði vart við sig svo um munaði í febrúar 2006 þegar Fitch Ratings setti fram harða gagnrýni á þróun íslenskra efnahagsmála og dró niður horfur á lánsþæfismati íslenska ríkisins. Í kjölfarið tóku fleiri greiningaraðilar undir áhyggjur Fitch og fyrir vikið sigldu íslensk fyrirtæki, ekki síst fjármálafyrirtækin, í úfnum sjó fram eftir árinu.

Eftir sterkan meðbyr í byrjun árs 2006 þar sem hlutabréfavísitölur hækkuðu með áður óþekktum hraða sló í bakseglin. Helstu fjölmiðlar heimsins fylgdu í kjölfar neikvæðrar umfjöllunar greiningaraðila og segja má að um hálfgerða ímyndarkreppu hafi verið að ræða. Eitthvað af þeirri gagnrýni sem upp kom í umræddum skýrslum og blaðagreinum átti rétt á sér enda efnahagsaðstæður landsins að ýmsu leyti óvenjulegar en aðrir þættir gagnrýnnar voru þó frekar byggðir á vanþekkingu á íslenskum aðstæðum og innviðum íslenskra fjármálafyrirtækja.



**MISHKIN OG TRYGGVI ÞÓR
KYNNA SKÝRSLUNA Í LONDON**

Litlu mátti muna að illa færi en segja má að umræðan hafi tekið stakkaskiptum til hins betra í kjölfar útgáfu skýrslu Viðskiptaráðs um fjármálastöðugleika á Íslandi, *Financial Stability in Iceland*. Þar fjölluðu Dr. Tryggvi Þór Herbertsson, þá forstöðumaður Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands og nú forstjóri Askar Capital, og Dr. Frederic Mishkin, þá prófessor við Columbia háskóla og nú einn af seðlabankastjórum Bandaríkjanna, um líkur á því að fjármálakreppa ætti sér stað á Íslandi. Skýrslan var vel kynnt bæði innanlands og utan og í kjölfarið komst nokkurt jafnvægi á alþjóðlega umfjöllun.

Viðskiptaráð Íslands kynnti skýrsluna upphaflega í New York og fylgdi því svo eftir með fundum í London og Kaupmannahöfn, auk þess sem skýrslunni voru gerð góð skil innanlands. Utanríkisráðuneytið studdi dyggilega við undirbúning fundanna. Gestir fundanna voru flestir starfsmenn erlendra fjármálastofnana og greiningaraðilar lánsþæfismatsfyrirtækja. Á fundunum fjölluðu höfundar skýrslunnar, þeir Mishkin og Tryggvi Þór um fjármálastöðugleika á Íslandi og svöruðu spurningum frá fundargestum um íslenskt hagkerfi.

Fram kom í máli Mishkin að hann teldi allan samanburð á Íslandi og nýmarkaðsríkjum afar misráðinn. Hann áréttaði í máli sínu mikilvægi þess að koma áleiðis til greiningaraðila upplýsingum um íslenskt hagkerfi og að hann væri þeirrar skoðunar að mikið af þeirri gagnrýni sem fram hafi komið á síðustu mánuðum hafi að mörgu leyti verið óréttmæt. Megin niðurstaða höfunda er sú að hverfandi hætta er á fjármálakreppu á Íslandi. Skýrslunni var fylgt eftir með miklum umbótum í upplýsingastreymi og auknu gagnsæi hjá íslenskum fjármálafyrirtækjum.

Síðan þá hefur mikil vinna verið lögð í að útbúa aðgengilegar upplýsingar og miðla þeim til erlendra aðila sem áhuga hafa á íslensku viðskipta- og fjármálalífi.

Viðskiptaráð átti frumkvæði að því nokkrum mánuðum fyrir Viðskiptaþing 2007 að hefja sameiginlega vinnu atvinnulífsins og ríkisstjórnarinnar um ímyndarmál Íslands. Starfshópur, sem starfaði undir leiðsögn Simon Anholt, eins helsta sérfræðings í ímyndarmálum þjóða, var skipaður forsætisráðherra, utanríkisráðherra, viðskiptaráðherra, menntamálaráðherra auk fulltrúum Viðskiptaráðs.



SIMON ANHOLT HELDUR ERINDI Á VIÐSKIPTAÞINGI 2007

Viðskiptaþingið var helgað ímyndarmálum Íslands og alþjóðlegu orðspori þess. Yfirskriftin var “Ísland, best í heimi?” og var með því vísað til vel þekkrar og að ýmsu leyti spaugilegrar sjálfhverfni Íslendinga. Á þinginu kynnti Anholt niðurstöður vinnuhópsins auk þess sem hann greindi frá niðurstöðu rannsóknar um ímynd Íslands, í samanburði við önnur ríki, sem gerð var meðal hátt í 30 þúsund manna í 35 löndum. Þeir þættir sem eru skoðaðir eru útflutningur, stjórnarhættir, menning og saga, fólkið, ferðamennska og innflutningur fólks og fjárfestingar. Gefin var út skýrslan *Anholt Nation Brands Index: Iceland 2006* þar sem niðurstöður rannsóknarinnar eru reifaðar.

Niðurstöður rannsóknarinnar sýndu að ímynd Íslands er ekki nægjanlega sterk. Anholt sagði að þetta væri ekki til marks um að ímynd Íslands væri neikvæð heldur fremur að fólk hefði litla eða enga mynd af landinu. Anholt hefur unnið fyrir fjölmörg ríki að ímyndarmálum, þ.á.m. Bretland sem kemur best út úr könnuninni. Hann hefur stýrt sameiginlegri vinnu ríkisstjórnarinnar og Viðskiptaráðs Íslands um þessi mál síðastliðna mánuði.

Simon hefur mikla trú á getu Íslands til að skara fram úr nú á tímum alþjóðvæðingar. Hann segir nauðsynlegt að halda vinnu við ímynd Íslands áfram og að stjórnvöld og atvinnulíf eigi að koma sameiginlega að því verkefni. Hann kallar Íslendinga “Latino-Nordics” og lýsir okkur sem einkennilegri blöndu af norrænni virðingu fyrir skilvirkni, sanngirni og hæfni í bland við miðjarðarhafselmód og hlýju.

Í tilefni af þinginu var einnig gefin út skýrslan *Iceland's Advance*, en í henni er útrás íslenskra fyrirtækja á árunum 2001 – 2006 kortlögð. Í skýrslunni er farið í yfir þá þróun sem átt hefur sér stað undanfarin ár og greint frá helstu áhrifaþáttum í þeim mikla vexti sem hefur átt sér stað í íslensku viðskiptalífi. Ástæður þessa eru flestum Íslendingum kunnar en mikilvægt er að gera erlendum markaðsaðilum grein fyrir hvernig margir samverkandi þættir, s.s. aðild að EES-samningnum, aukið frelsi á fjármálamörkuðum, uppgangur lífeyrissjóðakerfisins, einkavæðing bankanna og hagfelld skilyrði á heimsmörkuðum, hafa stuðlað að þeim mikla uppgangi hefur átt sér stað.


Í skýrslunni eru erlendar fjárfestingar allra skráðra fyrirtækja auk stærstu óskráðu fyrirtækjanna á Íslandi kortlagðar nákvæmlega yfir framangreint tímabil. Sú kortlagning gerir erlendum aðilum kleyft að fá betri yfirsýn yfir þá þróun sem hefur átt sér stað og skýrir betur þá breidd sem er til staðar í fjárfestingum íslenskra fyrirtækja. Þá er einnig svarað algengum spurningum erlendra markaðsaðila og fjölmiðla um þætti eins og hverjir væru helstu hvatarnir til erlendra landvinninga, hver helstu markaðssvæðin væru, hversu árangursríkar fjárfestingarnar hafi verið, hver uppspretta

fjármagnsins sé og hvort þessi mikla fjárfesting ógni stöðugleika. Skýrslunni var ritstýrt af Frosta Ólafssyni, hagfræðingi Viðskiptaráðs og Höllu Tómasdóttur, þáverandi framkvæmdastjóra ráðsins.

Á haustmánuðum 2007 kynnti Viðskiptaráð nýja skýrslu um framþróun og stöðu fjármálakerfis Íslands á fjölmennum fundi í Lundúnum. Skýrslan ber nafnið *The Internationalisation of Iceland's Financial Sector* og var rituð af Dr. Richard Portes prófessor við London Business School og Dr. Friðriki Má Baldurssyni prófessor við Háskólann í Reykjavík í samstarfi við Frosta Ólafsson hagfræðingi ráðsins.

Fundinn sóttu nærri 200 manns en fundargestir voru flestir starfsmenn erlendra fjármálastofnana og greiningaraðilar lánshæfismatsfyrirtækja. Á fundinum fjölluðu höfundar skýrslunnar, Portes og Friðrik Már, um niðurstöður skýrslunnar og svöruðu spurningum frá fundargestum. Þá hélt forsætisráðherra Íslands, Geir H. Haarde, ræðu þar sem hann fór yfir stöðu mála í íslensku efnahagslífi. Fundurinn var haldinn í samstarfi við Bresk-íslenska Viðskiptaráðið í tilefni 10 ára afmælis þess.

Fram kom í máli Richard Portes að hann teldi íslensk fjármálafyrirtæki hafa brugðist einstaklega vel við þeim hræringum sem áttu sér stað á vormánuðum 2006. Frá þeim tíma hafi flestir þeir þættir sem sættu gagnrýni verið bættir til muna, sem endurspeglar mikinn sveigjanleika og staða bankanna því mun sterkari í yfirstandandi lausafjárþurrð. Þrátt fyrir þetta bera íslenskir bankar áhættuálag í fjármögnun sinni sem virðist því fremur hafa með þjóðerni þeirra að gera en styrkleika og rekstrarhorfur.



PORTES OG GEIR H. HAARDE

Með þetta í huga voru áhrif efnahagslegs ójafnvægis á íslensk fjármálafyrirtæki könnuð, þá sérstaklega hár viðskiptahalli og erlend skuldastaða. Þrátt fyrir að viðkomandi hagvísar gefi fulla ástæðu til að vera á verði gagnvart samkeppnishæfni hagkerfisins virðist fjármálakerfið vel í stakk búið til að mæta ytri áföllum í íslensku hagkerfi. Þar vegur þungt sú dreifing áhættu sem alþjóðavæðing þess hefur haft í för með sér og enn fremur hafa stærstu markaðsaðilarnir varið sig gagnvart flestum veigamestu áhrifaþáttum íslensks hagkerfis.

Það er alvarlegt mál að fjármálafyrirtæki beri skaða af íslenskum uppruna sínum og undirstrikar nauðsyn þess að halda uppi stöðugu flæði upplýsinga um innlent fjármála- og efnahagslíf á erlendri grundu. Sé ætlunin að standa í fremstu röð á sviði fjármálaþjónustu og ná fram markmiðum um að koma hér upp alþjóðlegri fjármálamiðstöð er mikilvægt að skoða þessi mál til hlítar og vinna að lausn á málinu.

Viðskiptaráð hefur tekið mikilvægt frumkvæði í umræðu um íslenskt fjármála- og efnahagslíf á erlendri grundu. Alþjóðavæðing íslensks viðskiptalíf hefur gert það að verkum að Íslendingar og íslensk fyrirtæki hafa mikilla hagsmuna að gæta gagnvart erlendum markaðsaðilum og öflugt upplýsingastreymi er orðinn grundvallarþáttur í samkeppnishæfni þeirra. Þetta er ekki eingöngu hagsmunamál stærstu fyrirtækjanna heldur markaðarins í heild þar sem æ fleiri smærri fyrirtæki sækja á erlenda markaði auk þess sem velgengni stærstu fyrirtækjanna leiðir út um allt hagkerfið. Í öllum tilvikum hefur verið sótt sérstakt fjármagn til aðildarféлага og annarra hagsmunaaðila til að standa straum af þeim mikla kostnaði sem hlýst af verkefnum af þessari stærðargráðu.

ALPJÓÐASVIÐ VIÐSKIPTARÁÐS ÍSLANDS

Starfsemi alþjóðasviðs Viðskiptaráðs Íslands helst í hendur við áhuga erlendra aðila á Íslandi hverju sinni. Almennt hefur áhugi á íslensku efnahagslífi aukist verulega samfara meiri umsvifum íslenskra fyrirtækja á erlendum vettvangi og hafa öll millilandaráðin orðið vör við áhuga erlendra blaðamanna, fyrirtækja erlendis, greiningarfyrirtækja og alþjóðlegra fjárfesta á stöðu mála hér á landi.

Millilandaráðin eiga mikil og góð samskipti við sendiráð og ræðisskrifstofur erlendra ríkja hér á landi og mun Alþjóðasvið halda áfram að styrkja þau tengsl. Samstarf Alþjóðasviðs við utanríkisráðuneytið, íslensk sendiráð sem og Útflutningsráð hefur einnig farið vaxandi.

Alþjóðleg tengsl Viðskiptaráðs eru einnig í gegnum Landsnefnd alþjóða viðskiptaráðsins sem er hluti af Alþjóða viðskiptaráðinu í París (ICC). Landsnefndin tengist öðrum landsnefndum um heim allan. Félögum Landsnefndarinnar gefst tækifæri til þess að taka beinan þátt í störfum þeirra nefnda. Helstu baráttumál Alþjóða viðskiptaráðsins eru hindrunarlaus milliríkjavíðskipti á öllum sviðum. Um 8.000 fyrirtæki eiga aðild að ICC um heim allan. Formaður Landsnefndarinnar er Einar Sveinsson.

Áberandi þáttur í starfi Alþjóðasviðsins er móttaka erlendra gesta og samskipti við þá. Fjölmargar viðskiptasendinefndir hafa sótt Viðskiptaráð Íslands heim á árinu. Tilgangur heimsókna sendinefndanna er að kynna sér íslenskt viðskiptalíf og hefur Alþjóðasviðið skipulagt fundi þeirra og forsvarsmanna hérlendra fyrirtækja. Nokkur dæmi eru um að viðskiptasambönd hafi komist á laggirnar eftir þessar heimsóknir. Einnig berast ráðinu daglega fyrirspurnir frá fyrirtækjum sem vilja koma á viðskiptasamböndum við íslensk fyrirtæki.

Alþjóðasviði Viðskiptaráðs Íslands var komið á fót í núverandi mynd síðla árs 2006 eftir skipulagsbreytingar. Með þeim sameinuðust

öll millilandaráðin utan Fransk-íslenska viðskiptaráðsins undir einn hatt og var Kristín S. Hjalmtýsdóttir, sem verið hefur framkvæmdastjóri Þýsk-íslenska viðskiptaráðsins, ráðin forstöðumaður Alþjóðasviðsins.

Bresk-íslenska viðskiptaráðið

Bresk-íslenska viðskiptaráðið (BRÍS) var stofnað í nóvember 1997 og eru félagar um 150, bæði bresk og íslensk fyrirtæki. Ráðið fagnaði því 10 ára starfsafmæli sínu á árinu 2007.

Í júní 2006 var sumargrill BRÍS haldið í Hyde Park og í lok þess mánaðar golfdagurinn í Norður Englandi. Báðir þessir viðburðir hafa skapað sér fastan sess í starfsemi BRÍS sem óformlegur vettvangur fyrir félagar ráðsins og gesti þeirra til að bera saman bækur sínar og viðhalda tengslum hver við annan.

Í byrjun október fór stór hópur á vegum BRÍS og Útflutningsráðs til Leeds, sem er stærsta fjámálasvæði Bretlands utan Lundúna. Í ferðinni voru skipulagðar fyrirtækjaheimsóknir, hádegisverðafundir og einstaklingsráðgjöf og tóku fulltrúar 25 fyrirtækja þátt í ferðinni.



FRÁ ÁRLEGUM GOLFDEGI BRÍS

Aðalfundur ráðsins 2006 var haldinn í Lundúnum 6. desember í íslenska sendiráðinu. Auk hefðbundinna aðalfundarstarfa hlýddu fundarmenn á Svanbjörn Thoroddsen frá

Straumi Burðarási, sem kynnti starfsemi félagsins og framtíðarsýn.

Í júní 2007 tóku um 100 manns þátt í árlegu grillveislunni sem ráðið hélt að þessu sinni í samstarfi við Straum Burðarás og Eversheds í Hyde Park í London. Hinu árlega golfmóti norðurdeildar BRÍS, sem halda átti í lok júní á Forest Pines golfvöllinum í Lincolnskíri, varð að fresta vegna flóða á svæðinu. Mótið fór fram 4. september í sól og blíðu og heppnaðist vel.

Þann 21. nóvember síðastliðinn stóð Viðskiptaráð Íslands fyrir útgáfu skýrslu um íslenska fjármálamarkaðinn undir yfirskriftinni *The Internationalisation of Iceland's Financial Sector*. Samhliða útgáfu skýrslunnar var tíundi aðalfundur og afmæli BRÍS haldið, en skipulagning þessa funda og framkvæmd þeirra var unnin í samvinnu við sendiráð Íslands í Bretlandi. Yfir 180 manns, aðallega úr bresku fjármálalífi sóttu fund Viðskiptaráðs sem haldinn var öðrum þræði til að fagna 10 ára afmæli BRÍS. Geir H. Haarde forsætisráðherra var heiðursgestur og ávarpaði hann fundinn.

Stjórn BRÍS samanstendur af formanni og þremur stjórnarmönnum sem hver er formaður deildar, en þær eru þrjár: Íslandsdeild - Brynjólfur Helgason formaður (Landsbankinn), Heiðrún Jónsdóttir (Eimskip) og Guðjón Svansson (Útflutningsráð); Norður England - Mark Warburton formaður (Dickinson Dees LLP), Ingibjörg Ólafsdóttir (Radisson SAS), Simon Dwyer (Samskip), Philip Hall (Hull City Council) og Steve Norton (Grimsby fish merchants); Suður England - Helgi Már Björgvinsson formaður (Icelandair), Steinunn Kristín Þórðardóttir (Glitnir) og Lýður Guðmundsson (Bakkavör Group).

Formaður ráðsins er John A. Quitter (Northern Partnership Ltd.), sem hefur stýrt starfsemi ráðsins af einstakri elju og dugnaði undanfarin fimm ár. Hann, ásamt Eyrúnu Hafsteinsdóttur viðskiptafulltrúa í sendiráðinu í London, hafa sótt fundi COBCOE (Council of British Chambers



EINAR K. GUÐFINNSSON Á SJÁVARÚTVEGSRÁÐSTEFNU Í ÁLABORG of Commerce in Europe).

Dansk-íslenska viðskiptaráðið

Dansk-íslenska viðskiptaráðið (DÍV) var stofnað 27. apríl árið 2000 í Börsen í Kaupmannahöfn. Félagar í ráðinu eru tæplega 80 íslensk og dönsk fyrirtæki, úr öllum greinum atvinnulífsins.

DÍV og Viðskiptaráð Íslands skipulögðu fræðslu- og skemmtiferð til Kaupmannahafnar í tengslum við aðalfund DÍV sem haldinn var þann 1. Desember 2006. Farið var á „Íslendingaslóðir“ og voru fyrirtækin FI-Group, Magazin du Nord og Baugur Group heimsótt. Að auki bauð Svavar Gestsson sendiherra Íslands í Danmörku hópnum í sendiráðið og kynnti hann þar þá aðstoð sem sendiráðið leggur sig fram um að veita viðskiptalífinu. Aðalfundur ráðsins var haldinn um borð í Oslóarferjunni og í beinu framhaldi snæddu gestir saman „Julefrokost.“ Stjórn ráðsins var endurkjörin og Sverrir Sverrisson hélt áfram formennsku.

Mikil starfsemi var árið 2007, en það hófst með fundi í Kaupmannahöfn sem haldinn var í febrúar í samráði við sendiráð Íslands og Dansk industri í Industriens Hus við Ráðhústorgið í Kaupmannahöfn. Yfirskrift fundarins var: „Hvorfor er islandsk firmaer så innovative- giver det anledning til forundring?“ og frummælendur voru þeir Ólafur Ragnar Grímsson forseti Íslands, Hannes Smárason þáverandi forstjóri FL-Group, Hörður Arnarson forstjóri Marel og Sigurður Einarsson stjórnarformaður Kaupings. Fundarstjóri var Uffe Elleman Jensen fyrrverandi

utaríkisráðherra Danmerkur og að auki ávarpaði Hans Skov Christensen, framkvæmdastjóri Dansk Industri, fundinn.

Ráðið stóð fyrir kvöldfundi á kaffihúsinu Sólon í maí. Yfirskrift fundarins var „Sögur frá Köben“. Frummælendur voru Lárus Jóhannsson, framkvæmdastjóri 12 Tóna í Reykjavík og Kaupmannahöfn og Friðrik Weissappel eigandi Laundromat kaffihúsanna í Kaupmannahöfn. Þeir félagar lýstu viðtökum við stofnun smárra fyrirtækja í Danmörku og óhætt er að fullyrða að margt kom þar á óvart.

Framtíð sjávarútvegs var rædd á ráðstefnu Glitnis, DÍV, sendráðs Íslands og Danfish sýningarinnar í Álaborg í október. Einar Kr. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra var heiðursgestur fundarins. Auk hans fluttu erindi þeir Eggert B. Guðmundsson forstjóri HB Granda, Flemming Knudsen forstjóri Royal Greenland, Niels Espersen yfirmaður stefnumótunar hjá Skagerak Group, Kurt Kvalsvik stjórnandi sjávarútvegs-teymis Glitnis í Noregi og Geir A. Gunnlaugsson stjórnarformaður 3X Technologie á Ísafirði. Þátttakendur á ráðstefnunni voru um 100 talsins frá Íslandi, Grænlandi, Færeyjum og Danmörku.

Aðalfundur ráðsins fór fram í desember í Norræna húsinu. Að loknum hefðbundum aðalfundarstörfum ávörpuðu Lasse Reiman, sendiherra Dana á Íslandi og Einar Már Guðmundsson rithöfundur fundinn. Einar fór yfir útgáfuferil sinn í Danmörku sem staðið hefur lengi, eða frá árinu 1981. Lasse Reiman þakkaði gott samstarf við DÍV og ræddi samskipti þjóðanna á árinu sem var að líða. Hann lýsti ánægju með þróun þeirra samskipta sem færu sívaxandi á nánast öllum sviðum.

Stjórn DÍV skipa Sverrir Sverrisson formaður (Askar Capital), Arnar Gíslason (Bako ehf.), Birkir Hólm Guðnason (Icelandair), Skarphéðinn Berg Steinarsson (Landic Property), Sigurður Skagfjörð Sigurðsson (Calidris), Peer Nørgaard (DFDS A/S), Mads Elming (Rexam Glass Holmegaard A/S), Steen Osorio (Samskip A/S) og Marc Dalgas (HSH Nordbank).

Amerísk-íslenska viðskiptaráðið

Amerísk-íslenska viðskiptaráðið (AMÍS) hefur það markmið að þróa og efla tengsl milli landanna á hinum ýmsu sviðum efnahags- og viðskiptalífs. Systurfélag þess er Íslensk-ameríska viðskiptaráðið sem er með aðsetur í New York og hefur það hlutverk að kynna íslenskt viðskiptalíf í Norður-Ameríku. Ráðin eiga oft samstarf um einstök verkefni, einkum ráðstefnuhald bæði hér á landi og vestra.

Starfsemi ráðsins hefur legið í láginni á síðustu misserum, en stefnt er að öflugra starfi á nýju ári.

Ítalsk-íslenska viðskiptaráðið

Ítalsk-íslenska viðskiptaráðið (ÍTÍS) var stofnað í Mílanó þann 6. september 2001. Félagar ráðsins eru 85, íslensk og ítölsk fyrirtæki.

Í samvinnu við Hagkaup skiplagði Ítalsk-íslenska viðskiptaráðið ítalska daga í Reykjavík í maí 2007. Ítalskir dagar enduðu með gala kvöldverði í samvinnu við La Primavera. Gestakokkur frá Ítalíu reiddi fram girnilega rétti ofan í fullan sal gesta.



**GEIR H. HAARDE
ÁSAMT EMMU BONINO,
UTANRÍKISVIÐSKIPTARÁÐHERRA ÍTALÍU**

Samhliða ítölskum dögum var ítalskur viðskiptadagur haldinn í samstarfi við utanríkisráðuneytið. Heiðursgestur var Valgerður Sverrisdóttir þáverandi utanríkisráðherra. Sendiherrar beggja þjóða voru viðstaddir og ávörpuðu gesti. Guðrún Sigurðardóttir (Islandtours) ræddi um markaðssetningu Íslands á Ítalíu, Eygló Ólafsdóttir (Fratelli Saclà S.p.A.)

ræddi viðskipta- og vinnuumhverfi beggja landa og Luciand Cicogna (Impregilo) fór yfir áskoranir og úrlausnir tengda byggingu virkjunarinnar á Kárahnjúkum. Síðast en ekki síst kvaddi Thor Vilhjálmsson rithöfundur sér hljóðs og fór á myndríkan hátt yfir samskipti Íslendinga og Ítala á menningarsviðinu.

Aðalfundur ÍTÍS og hádegisfundur honum tengdur var haldinn í október á Grand Hotel de la Minerva í miðborg Rómar, í samstarfi við Landsbanka Íslands. Emma Bonino utanríkisviðskiptaráðherra Ítalíu og Geir H. Haarde forsætisráðherra voru aðalræðumenn hádegisverðarfundarins. Fram kom í máli Emmu Bonino að íslensk og ítölsk stjórnvöld hafa ákveðið að koma á fót starfshópi til að efla viðskipta- og efnahagsleg tengsl landanna. „Það er alveg ljóst að mikill áhugi er á auknu samstarfi milli þjóðanna. Þessi starfshópur verður í stakk búinn til þess að plægja akurinn. Það er fyrir hendi frjósamur akur og það þarf að vinna úr tækifærunum sem eru fyrir hendi,“ sagði Geir H. Haarde forsætisráðherra á fundinum. Emma Bonino, utanríkisviðskiptaráðherra Ítalíu, lýsti yfir sérstökum áhuga á að efla tengslin við Ísland.

Formaður ÍTÍS er Guðjón Rúnarsson (Samtökum fjármálafrirtækja). Aðrir í stjórn eru Antonio Urbano (Kepler, Milano), Aldo Fasan (Becronal), Carla Salaris (Lighthouse, Milano), Eygló Björk Ólafsdóttir (Fratelli Saclà S.p.A.), Francesco Ricasoli (Barone Ricasoli, Toskana), Garðar Ólafsson (Landsbanki), Gianluca Eminente (Unifrigo Gadus, Napoli), Giorgio Guano (Banca Monte dei Paschi di Siena), Stephen Brown (Icelandair), Guðrún Sigurðardóttir (Islandtours), Massimo Sani (lögmaður, Flórens), Sigurður Reynaldsson (Hagkaup) og Sigurður Þorsteinsson (Bláa Lóninu).

Spánsk-íslenska viðskiptaráðið

Spánsk-íslenska viðskiptaráðið (SPÍS) var stofnað árið 1997. Félagar ráðsins eru tæplega 80, frá Íslandi og Spáni.

Spænsk-norrænu viðskiptaráðin í Madrid

skipulögðu í sameiningu kvöldverð „Noche Nórdica“ í byrjun júní 2007. Spænsk-íslenska viðskiptaráðið kom myndarlega að málum, en happdrættisvinningar komu meðal annars frá Íslandi. Kvöldið heppnaðist það vel að ákveðið var að gera þetta að árlegum viðburði.

Í liðnum október voru haldnir spænskir dagar í Ostabúðinni á Bitruhálsi sem SPÍS og Ostabúðin stóðu fyrir. Dagarnir voru vel sóttir og það kemur vel til greina að endurtaka þá á þessu ári.

Nýr formaður er Sigríður Á. Andersen (Lex Lögmannsstofu) en hún tók við af Úlfari Steindórssyni (Toyota á Íslandi). Aðrir stjórnarmenn eru Alex Net (Microblau), Ásbjörn Björnsson (Iceland Seafood), Edda Björnsdóttir (Karl K. Karlsson hf.), Hildur Eir Jónsdóttir (Ernst & Young í Madrid), Joaquin Armesto (Íslenska umboðssalan hf.), Karl Hjálmarsson (ROK Marketing), Mario Rotllant Sola (Copesco & Sefrisa S.A.) og Þorvarður Guðlaugsson (Icelandair).

Sænsk-íslenska viðskiptaráðið

Sænsk-íslenska viðskiptaráðið (SÍV) var stofnað í Reykjavík í júní árið 1997. Félagar í ráðinu eru 50 fyrirtæki frá Íslandi og Svíþjóð.

Sendiráð Íslands blés til hátíðar í júní 2007 í Stokkhólmi fyrir Íslendinga og Íslandsvini í samstarfi við Glitni, Icelandair, Símann/Sirius IT, Baug Group, SÍV, Útflutningsráð Íslands og utanríkisráðuneytið. Verkefnið fékk heitið „Isländer är här!“, sem var í reynd þrískipt; hádegisverðarfundur, aflraunakeppni, kórsöngur og tónleikar. Um kvöldið var leikinn landsleikur í knattspyrnu.

Hádegisverðarfundur með yfirskriftinni „Knattspyrna og fjárfestingar“ var haldinn í Strindbergssalen á Hotell Berns, Berzelii Park, í Stokkhólmi. Jóhanna Waagfjörð talaði um hvernig hægt væri að tengja knattspyrnu og viðskipti. Hún fór yfir það hversu fótbolti og viðskipti eru í raun nátengd og sömu aðferðir viðhafðar í leikkerfum fótboltaliðanna og liðanna innan hvers fyrirtækis. Aðrir sem töluðu voru

Björn Richard Johansen (Glitni), Logi Ólafsson fyrrum landsliðsþjálfari og Guðmundur Árni Stefánsson sendiherra í Stokkhólmi.

Ráðið bauð Karin Forseke fyrrum ráðgjafa einkavæðinganevndar sænska ríkisins og yfirmanns hjá Carnegie fjárfestingafélaginu til Íslandsíliðnum október. Hún hefur staðið í eldínu sænsks viðskiptalífs á síðustu árum og hafði frá mjög mörgu að segja á hádegisverðarfundum haldinn var á hóteli Loftleiðum.

Formaður SÍV er Jafet Ólafsson (Veigur). Aðrir stjórnarmenn eru: Alfreð Jóhannsson (Ó. Johnson & Kaaber), Ásta Arnþórsdóttir (Islandia AB), Hans-Åke Pehrsson (Lagena Distribution AB Kalle Byström), Karítas Kjartansdóttir (VBS Investment Bank), Knútur G. Hauksson (Hekla hf), Kristján Jóhannesson (Seafood Union), Jóhann G. Jóhannsson (Glitnir) og Jóhanna Waagfjörd (Hagar hf).

Þýsk-Íslenska viðskiptaráðið

Þýsk-Íslenska viðskiptaráðið (ÞÍV) var stofnað í Reykjavík og Hamborg árið 1995. Félagar ráðsins eru tæplega hundrað, íslensk og þýsk fyrirtæki.

Í byrjun febrúar árið 2006 stóð ráðið fyrir samkomu á Nordica ásamt Icelandair, íslenska sendiráðinu í Berlín, þýska sendiráðinu í Reykjavík og veitingastaðnum Sachs í Berlín. Tilefni þessa kvölds var að efla samskipti og gagnkvæman áhuga Íslendinga og Þjóðverja á sögu og menningu landanna með áherslu á Reykjavík og Berlín í víðum skilningi.

„Þýskaland, land tækifæranna“ var yfirskrift fundar sem ráðið stóð fyrir í mars sama ár ásamt Útflutningsráði, Háskólanum í Reykjavík og utanríkisráðuneytinu. Fjöldi gesta hlýddi á reynslusögur fyrirtækja m.a. úr lyfjaiðnaðinum og möguleika á starfsemi í Þýskalandi.

Íslandskynning og aðalfundur þessa árs fór fram í Frankfurt. Árni M. Mathiesen fjármálaráðherra var heiðursgestur fundarins en á fundinum tóku m.a. Þórður Friðjónsson (OMX Kauphöll Íslands), Sigurjón Þ. Arnason (Landsbankinn), Sigurður Einarsson (Kaupþing), Ólafur Davíðsson



**JÓN SIGURÐSSON, ÞÁVERANDI
RÁÐHERRA, TÓK Á MÓTI
DR. WANSLEBEN OG GESTUM**

sendiherra og Kjartan Már Kjartansson (Latibær) til máls. Aðsókn á fundinn var mjög mikil og nánast hvert sæti skipað. Þjóðverjar fylgjast vökulum augum með íslenska efnhagsundrinu en það hefur vakið mikla athygli í fjölmiðlum í Þýskalandi. Fjármálafólk frá Frankfurt, Stuttgart, München, Hamburg, Berlin og London mættu á fundinn.

Í tengslum við Reykjavíkumaraþon í ágúst, tók ráðið á móti Dr. Martin Wansleben, framkvæmdastjóra Samtaka Þýsku iðnaðar- og viðskiptaráðanna í Þýskalandi, en þau eru 80 talsins. Hann talaði á morgunverðarfundum um stöðu mála í Þýskalandi eftir heimsmeistarakeppnina í knattspyrnu, sem fram fór í Þýskalandi 2006.

Íslandskynning og aðalfundur voru haldin í Berlín þann í júní 2007. Yfirskrift fundarins var „Konur og samkeppni - vannýt vinnuafli“. Aðal ræðumenn voru Svafa Grönfeldt (Háskólinn í Reykjavík), Katrín Pétursdóttir (Lýsi), Halla Tómasdóttir þáverandi framkvæmdastjóri VÍ og Dagmar Steinmetz ráðgjafi. Fundurinn heppnaðist einstaklega vel og fékk talsverða fjölmiðlaumfjöllun.

Í desember var tekið á móti Hamborgartrénu sem staðsett er á Miðbakka Reykjavíkurhafnar, en það berst árlega sem þakklætisvottur Hamborgara fyrir matargjafir til þýskra barna í lok seinni heimstyrjaldarinnar. Þetta var í 40. skipti

sem Hamborgarhöfn gefur Reykjavíkurhöfn tré.

Margar fyrirspurnir berast ráðinu á hverri viku og eru erindin fjölbreytt og af ýmsum toga. ÞÍV býður upp á ýmsa þjónustu s.s. aðstoð við endurgreiðslu virðisaukaskatts í Þýskalandi og víðar, aðstoð við innheimtu reikninga, veitir upplýsingar um fyrirtæki og margt fleira. Heimssíða ráðsins er www.ahk.is

Í stjórn ÞÍV sitja: Formaður Páll Kr. Pálsson (Skyggni), Kristján Hjaltason (Glitnir), Gunnar Már Sigurfinnsson (Icelandair), Sigurjón Þ. Árnason (Landsbankinn), Achim P. Klüber

(The Royal Bank of Scotland í Frankfurt), Klaus Hartmann (Oceanfisch í Bremerhaven), Davíð Jóhannsson (Ferðmálaráð Íslands í Frankfurt) og Samúel Hreinsson (Isey Bremerhaven).

Alþjóðasvið Viðskiptaráðs þakkar stjórnnum millilandaráðanna fyrir samstarfið undanfarin tvö ár sem og öllum þeim sem hafa lagt hönd á plóg við skipulagningu ýmissa viðburða.

STARFSEMI HÁSKÓLANS Í REYKJAVÍK

Árið 2006 var fyrsta heila árið í sögu Háskólans í Reykjavík (HR), eftir að sameiningu við Tækniháskóla Íslands. Hluthafar eru Sjálfseignarstofnun Viðskiptaráðs Íslands um viðskiptamennun, Samtök iðnaðarins og Samtök atvinnulífsins. Bjarni Ármannsson tók við sem formaður Háskólaráðs um mitt ár 2006 og Dr. Guðfinna S. Bjarnadóttir lét af störfum sem rektor um áramót 2007 eftir að hafa leitt skólann farsælega frá stofnun. Dr. Svafa Grönfeldt var ráðin sem nýr rektor.



**TÖLVUGERÐ MYND AF NÝBYGGINGUM
HÁSKÓLANS Í REYKJAVÍK Í VATNSMÝRI**

Stórefling starfsemi

Á tímabilinu hefur enn frekari áhersla verið lögð á að gera HR alþjóðlegri og efla rannsóknir, án þess að á nokkurn hátt hafi verið dregið úr gæðum kennslu eða tengsla við atvinnulífið. Á haustmiseri 2007 voru nemendur um 3.000 talsins í fimm deildum, tækni- og verkfræðideild, tölvunarfræðideild, viðskiptadeild, lagadeild og kennslufræði- og lýðheilsudeild. Lagadeild útskrifaði árið 2007 fyrstu nemendurnar með meistaragráðu og sama gerði kennslufræði- og lýðheilsudeild. Tölvunarfræðideild og tækni- og verkfræðideild fengu viðurkenningu menntamálaráðneytis á BS og MS námi. Tækni

og verkfræðideild gerði samstarfssamning við Orkuveitu Reykjavíkur og Háskóla Íslands um stofnun Orkuskóla þar sem áherslu er lögð á masternám og doktorsnám í orkuvísindum. Tengsl við erlenda háskóla voru aukin verulega og hefur HR meðal annars gert samstarfssamning við MIT háskólann í Boston. Kennslufræði og lýðheilsudeild vann að mörgum rannsóknarverkefnum sem vöktu mikla athygli erlendis m.a. Youth in Europe. Viðskiptadeild hóf haustið 2007 meistaranám í alþjóðaviðskiptum og tvær nýjar rannsóknarmiðstöðvar voru stofnaðar, um einkaframkvæmd og mannauðsstjórnun. Próffessorum hefur fjölgaði við allar deildir HR og kennarar og nemendur hafa náð frábærum alþjóðlegum árangri undanfarin misseri. HR er með hátt hlutfall doktorsmenntaðar kennara á sínum fræðasviðum, sókn í rannsóknarsjóði hefur tvöfaldast og árangurshlutfall er yfir 50% sem er telst mjög gott.

Nýbygging í Vatnsmýri og nýir hluthafar

Nýbygging í Vatnsmýri hefur verið í undirbúningi frá árinu 2005 fyrsta skóflustungan að henni var tekin þann 24. ágúst 2007. Byggingin, sem verður um 40.000 fermetrar, verður tekin í notkun í áföngum haustið 2009 og 2010. Um mitt ár 2007 ákváðu núverandi eigendur HR að bjóða nýjum aðilum að gerast hluthafar í HR og verður fjarframlag þeirra nýtt til enn frekari eflingar á innviðum HR sem verða í takt við glæsilega nýja aðstöðu. Allur arður af starfsemi háskólans og af verðmætum eigna rennur þó áfram eingöngu til uppbyggingar á starfsemi og aðstöðu skólans HR. Gengið var frá samningum um þetta á aðalfundi HR þann 28. janúar s.l. þegar félag í eigu Róberts Wessman, Glitnis og Eimskipa stofnuðu félagið Bakhjarlar HR ehf., sem verður nýr hluthafi í HR.

Horfum lengra

Háskólinn í Reykjavík hefur það að leiðarljósi að skapa og miðla þekkingu til að auka samkeppnishæfni og lífsgæði hér á landi. Með auknu fjármagni og kröftum nýrra sem eldri eigenda og öflugs hóps starfsmanna og nemenda, ásamt hentugri nýbyggingu skólans, skapast ný sóknartækifæri fyrir HR að komast í fremstu röð háskóla í Evrópu.

STARFSEMI VERSLUNARSKÓLA ÍSLANDS

Verzlunarskólinn hefur alla tíð lagt áherslu á að hafa fjölbreytt námsframboð. Það hefur borið á því að nemendur, sem hafa mikinn áhuga á viðskiptatengdu námi, velji í auknu mæli verkfræði og raunvísindi í háskóla. Þetta endurspeglast m.a. í því að þegar Ví tók upp náttúrufræðibraut þá varð hún um leið stærsta braut skólans. 1217 nemendur stunda nú nám við skólann og skiptast þeir eftirfarandi á einstakar brautir: félagsfræðabraut 187, málabraut 46, náttúrufræðibraut 496 og viðskiptabraut 488. Það er áberandi hve fáir nemendur sækja um málabraut og stefnir allt í það að brautin verði lögð niður og er það miður. Undanfarin ár hafa 336 nýnemar innritast að hausti í Ví. Enginn skóli innritar fleiri nemendur á hverju ári úr 10. bekk grunnskóla.

Verzlunarfagnám hefur verið í boði í Verzlunarskólanum, síðan vorið 2005, þar sem kennt hefur verið samkvæmt námskrá sem búin var til af Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. Um var að ræða tilraunaverkefni, sem við vonuðumst til að yrði til lengri tíma. Því miður hefur aðsókn ekki verið mikil og verður ekki boðið upp á verzlunarfagnám í Ví árið 2008, hugsanlega síðar þegar hægist á í atvinnulífinu. Verzlunarskólinn hefur í mörg ár tekið þátt í margvíslegum samstarfsverkefnum við ýmsa skóla í Evrópu. Haustið 2007 fór í gang verkefni sem kallast RetAil (Retailing Management for Adults in Lifelong Learning). Markmið verkefnisins er að vinna rafrænt námsefni fyrir fjarnám í verzlunarstjórnun og byggist á sjálfstæðum einingum sem mynda eina heild. Námsefni þetta tekur á þörfum nemenda sem ekki hafa langa skólagöngu að baki en munu með fjarnámi geta aukið þekkingu sína og færni samhliða störfum á vinnumarkaði. Þátttakendur í verkefninu eru auk Verzlunarskólans: Fræðslumiðstöð atvinnulífsins í Reykjavík, The North Highland College í Thurso í Skotlandi, Tampere Polytechnic University í Tampere, Finnlandi og Wyzsza Szkoła Informatyk í Lods, Póllandi.

Undanfarin ár hefur fjarnám verið vaxandi þáttur í starfi Ví. Árið 2007 voru yfir 2000 einstaklingar í fjarnámi við skólann. Hver nemandi var að jafnaði í 5,5 einingum sem jafngildir um 200 ársnemendum, þ.e. nemendum í fullu námi. Fjarnemendur koma úr öllum áttum og eru á öllum aldri þó flestir séu á framhaldsskólaaldri eða í síðustu bekkjum grunnskóla. Vonir eru bundnar við að fólk á hinum almenna vinnumarkaði líti í auknum mæli á fjarnámið sem vænlegan kost til endurmenntunar. Nemendur geta verið nánast hvar sem er í heiminum og í haust voru tekin próf á 61 stað fyrir utan húsnæði Verzlunarskólans, þar af á 42 stöðum á Íslandi og á 19 stöðum erlendis í 16 löndum.

Sölvi Sveinsson lét af störfum sem skólastjóri í ágúst 2007 og fór í önnur verkefni fyrir skólanefnd Verzlunarskólans. Ingi Ólafsson, sem gegnt hafði starfi aðstoðarskólastjóra undanfarin ár, tók við starfi skólastjóra. Þorkell Diego var ráðinn sem yfirkennari og tók hann til starfa 1. janúar síðastliðinn.



**STYTTAN VEGFERÐ EFTIR
STEINUNNI ÞÓRARINSDÓTTUR
STENDUR FYRIR
FRAMAN AÐALBYGGINGI
VERZLUNARSKÓLANS**